

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar nr. 258/1980,
um smásöluálagningu á bóluafni og sermi.

1. gr.

Auglýsing nr. 258/1980, um smásöluálagningu á bóluafni og sermi, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Eggert Sigfússon.

Nr. 356

12. júní 1998

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. sept 1996.

Breytingin felst í því að stækkað er svæði fyrir opinbera þjónustu, lóð Sandvíkurskóla, og að sama skapi minnkar lóð opins svæðis til sérstakra nota, lóð Tryggvagarðs.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Selfoss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 357

12. júní 1998

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar nr. 759/1982, um smásöluálagningu
á skeiðarsvampa sem innihalda medroxýprógesterónacetat.

1. gr.

Auglýsing nr. 759/1982, um smásöluálagningu á skeiðarsvampa sem innihalda medroxýprógesterónacetat, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Eggert Sigfússon.